



Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2024

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna og kvár voru lyftistöng fyrir rithöfunda á árinu.

Tímamót voru í starfi félagsins þegar nýr formaður var kjörin á aðalfundi félagsins 2023. Sigbrúður Guðmundsdóttir var þar einróma kjörin nýr formaður Fjöruverðlaunanna og tók við því embætti af Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttir sem gegnt hafði embætti formanns síðan 2016. Sigbrúður er þriðji formaður Fjöruverðlaunanna frá stofnun, en Védís Skarphéðinsdóttir var kjörin fyrsti formaður félagsins á stofnfundi 2014.

Á aðalfundi 2023 var samþykkt einróma að tilgangur verðlaunanna skuli vera að halda utan um skipulagningu og framkvæmd „Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna og kvára á Íslandi“, en voru þau áður skilgreind í lögnum sem bókmenntaverðlaun „kvenna (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi“.

Á árinu jókst samstarf við Rithöfundasamband Íslands sem tók að sér að taka við bókum sem lagðar eru fram til verðlaunanna. Áður hafði umsjón þessa verkefnis verið í höndum Félags íslenskra bókaútgefenda, sem enn styrkir verðlaunin dyggilega með því að auglýsa eftir bókum til útgefenda.

Fjárhagur og félagatal 2023–2024

Allt frá stofnun félagsins árið 2014 hefur verið unnið að því að straumlínulaga rekstur Fjöruverðlaunanna og því að koma á föstum styrktarlínum. Í því felst að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna tryggari.

Á starfsárinu greiddu 128 félagar félagsgjöld, þ.e. 67% af félagatali, samtals kr. 320.000.

Gjöld ársins voru umfram tekjur. Skýrist það helst af því að ólíkt fyrra ári láðist að rukka fyrir tilnefninga- og verðlaunalímmiða og bar félagið þann kostnað. Einnig var greitt fyrir verðlaunagripi í fyrsta sinn, en þau hafa síðustu árin fengist ókeypis. Tekjur félagsins á árinu voru 324.698 krónur (þ.e. félagsgjöld og innvextir). Mun stjórn Fjöruverðlaunanna á næsta starfsári fara yfir rekstur félagsins til að koma honum í sjálfbæran farveg.

Útgjöld Fjöruverðlaunanna

2014–2015:	307.847 kr.
2015–2016:	286.666 kr.
2016–2017:	259.366 kr.
2017–2018:	150.956 kr.
2018–2019:	124.885 kr.
2019–2020:	217.824 kr.
2020–2021:	365.420 kr.
2021–2022:	291.246 kr.
2022–2023:	296.634 kr.
2023–2024:	427.010 kr.



Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða það ekki nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsfólks, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagsfólk í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna var 188 undir lok starfsárs.

Starfsárið 2023–2024

Sigbrúður Guðmundsdóttir var kjörin formaður á aðalfundi 2023 og með henni sitja í stjórn Erla E. Völudóttir, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Hildur Ýr Ísberg til vara. Skoðunarmenn reikninga eru Védís Skarphéðinsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir.

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn á Teams þann 19. október 2023. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa, sem gengu snurðulaust fyrir sig, voru samþykktar breytingar á þriðju grein laganna, að til verðlaunanna komi til greina bækur eftir konur og kvára, en áður voru gjaldengar bækur eftir konur (sís og trans), trans fólk, kynsegin fólk og intersex fólk.

Góðar umræður voru á fundinum um þessa lagabreytingatillögu. Fráfarandi formaður greindi frá því á fundinum að þegar lagagreininni var síðast breytt árið 2020 hafi skilgreining verið fengin að láni úr starfi samtakanna Stelpur rokka. Hins vegar hafi skilningur okkar og hugtakanotkun á kynjakerfinu fleytt fram á þeim þremur árum sem liðin eru og hugtakið *kvár* hafi unnið sér sess í tungumálinu og samfélagsleg sátt ríki um það. T.d. hafi kvennaverksfallið á kvennafrídegi 2023 verið skilgreint sem verksfall kvenna og kvára. Tillagan var einróma samþykkt eftir góðar umræður.

Auglýst var eftir bókum eftir konur til að leggja fram til verðlaunanna fyrir 27. október 2023. Ef bækur voru ekki komnar út fyrir þann tíma, var bókaútfendum boðið að senda rafrænt eintak á dómnefnd og skila inn þremur eintökum af verkinu fyrir 17. nóvember 2023. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu verklagsreglur sér til fulltingis. Félag íslenskra bókaútfendenda sá um að auglýsa eftir bókum frá útfendum, Rithöfundasamband Íslands sá um móttöku, en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda, þrisvar á tímabilinu.

108 bækur voru lagðar fram til mats vegna Fjöruverðlaunanna 2024. Þær skiptust þannig: 39 bækur í flokki barna- og unglingsbókmennta, 46 í flokki fagurbókmennta og 23 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna voru kynntar á tilnefningarhátíð í Borgarbókasafninu 5. desember 2023. Tilnefndir höfundar og bækur voru kynntar með smámyndum á samfélagsmiðlum og einnig var fréttatilkynning send út til fjölmiðla.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2024:

Í flokki fagurbókmennta

- *Fegurðin í flæðinu* eftir Ester Hilmarsdóttur,
- *Móðurást: Oddný* eftir Kristínu Ómarsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Ævintýrið* eftir Vigdís Grímsdóttur

Í flokki barna- og unglingsbókmennta

- *Hrím* eftir Hildi Knútsdóttur
- *Ég þori! Ég get! Ég vil!* eftir Lindu Ólafsdóttur
- *Íslensk myndlist og fólkið sem ruddi brautina* eftir Margræti Tryggvadóttur, **sem hlaut verðlaunin**



Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Kynlegt stríð, ástandið í nýju ljósi* eftir Báru Baldursdóttur
- *Með verkum handanna: Íslenskur refilsaumur fyrri alda* eftir Elsu E. Guðjónsson, ritstjóri Lilja Árnadóttir, **sem hlaut verðlaunin**
- *Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu* eftir Kristínu Loftsdóttur

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar felur í sér að hún hefur og mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2024 voru afhent 7. mars 2024 í Höfða. Formaður stjórnar, Sigprúður Guðmundsdóttir tilkynnti verðlaunin. Einar Þorsteinsson borgarstjóri Bókmenntarborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti og afhenti blóm og verðlaunagrip. Verðlaunahafar árið 2024 fengu í verðlaun áletrað egg hannað af Koggu, sem er dyggur styrktaraðili Fjöruverðlaunanna og gefur verðlaunagrip. Pipar/TBWA hannar merki verðlaunanna sem uppfært er árlega fyrir nýjar verðlaunabækur. Verðlaununum voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Dómnefndir unnu óeigingjarnt starf og eru þeim færðar þakkir fyrir. Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Jóna Guðbjörg Torfadóttir, Júlía Margrét Sveinsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Hulda Steingrimsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir og Sólveig Ásta Sigurðardóttir, og í dómnefnd barna- og unglingsbókmennta sátu Brynja Helgu Baldursdóttir, Guðlaug Richter og Helga Birgisdóttir.

Samstarf við dómnefndir, Rithöfundasambandið, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Pipar/TBWA, Koggu og Reykjavíkurborg gekk með eindæmum vel. Er öllum hlutaðeigandi þakkað samstarfið.

Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvennasögusafns Íslands og endurbæta vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfunda og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er enn ólokið.